



Mynd af hópnum við dna-keðjuna í húsi Íslenskrar erfðagreiningar í Vatnsmýrinni. Mynd: Védís.




Ritstjórnir norrænu læknablaðanna í heimsókn

Árlegur fundur ritstjórna norrænu læknablaðanna var haldinn á Hótel Holti í 101 Reykjavík í lok september. Tuttugu manna hópur fjallaði um blöðin: um efnið, auglýsingarnar, prentunina, netið, lesendurna, og ekki minnst um margbrotinn heim nútímamiðlunar: twitter, facebook, alnetið sjálft, tiktok, hlaðvörp, myndbönd, instagramm.

Blöðin eiga allt sameiginlegt og það er ritstjórnur þeirra lífsbjörg að hittast og sjást og talast við. Á Norðurlöndunum eru læknafélögin útgefendur blaðanna og ritstjórnir eru skipaðar fulltrúum sérgreinafélaga. Blöðin eru öll bæði með ritrýndar fræðigreinar eftir vísindalegum stöðlum (doi-merktar og skráðar á PubMed og víðar) og félagslegt efni: viðtöl og fasta penna.

Blöðin standa misvel eins og gengur og alls staðar í heiminum hækkar verð fyrir prentun og dreifingu. Flest norrænu blöðin hafa brugðist við með því að fækka tölu-



Fulltrúi danska læknablaðsins, Elizabeth Gatzwiller, fór á gosstöðvarnar í Geldingadölum með myndavélina sína. Þar er enn heitt í kolunum.

blöðum. Lokasvar allra á fundinum var þó það að prentun hefur algjöran forgang, – engin miðlun tekur henni fram. Hvert tölublað lifir lengi og er lesið af mörgum, – fréttir lifa hátt en skemur, en ritrýnt efni eins og yfirlitgreinar eru lesnar mikið og lengi, – verða jafnvel kennsluefni árum saman, – og upplýstir og leitandi sjúklingar finna þar haldgóð svör við mörgum spurningum. Danir eru komnir svo langt


að hafa upplestur tiltækan á hluta af efni blaðsins, – þá er hægt að hlusta á grein.

Ritstjórnir blaðanna beita sér markvisst í að fá lækna til liðs við blöðin með viðtölum, skoðanaskiptum og skrifum og til að ritrýna: það þarf að endurnýja ritrýnahópinn og hann þarf að endurspegla félagahópinn í læknafélaginu og færa þá vísindalegu hefð milli kynslóða og kynja.


Margt fleira bar á göma, ekki síst ástandið í heiminum. Stríðið í Úkraínu brennur mun heitar á frændum okkar en okkur en sama skylda hvílir þó á öllum blöðunum: að halda í heiðri og brýna vitund lækna um mannúð og reglur læknasamfélagsins sem er að finna í Codex Ethicus.

Fundurinn sat ekki bara inni bak við luktur dyr heldur setti upp regnhlífina og skoðaði bækistöðvar deCode og Kerecis. – Næsti fundur ritstjórnanna verður haldinn að ári í Noregi.

VS



Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjallafræði, hélt áhugaverðan fyrirlestur um eldfjöll á Íslandi og áhrif þeirra á heilsufar jarðarbúa.



Gísli Þór Axelsson kynnti niðurstöður rannsóknar frá Hjartavernd á ráðstefnunni.

Um 320 manns á lungnaráðstefnu í Hörpu

„Við þurfum að hugsa um að greina lungnatrefjun fyrr og meta hvort við eigum að skima fyrir þessum sjúkdómi, hvort sem er með myndgreiningu eða blóðrannsóknunum,“ segir Gunnar Guðmundsson, læknir og prófessor við læknadeild Háskóla Íslands. Hann leiddi 320 manna ráðstefnu, International Colloquium on Lung and Airway Fibrosis, ICLAF 2022, sem haldin var í Hörpu í byrjun október. Þátttakendur komu frá 25 löndum.

„Það er vaxandi áhugi á að greina bandvefsmyndanir áður en skemmdir verða miklar og vísbendingar um að hægt sé að greina þær fyrr en áður,“ segir hann. Meingerðin hafi nú verið skilgreind á þann máta að finna megi ný lyf við vand-

anum. Gunnar bendir á að sjúkdómurinn valdi þungri byrði og hafi háa dánartíðni og þeim fjölgandi sem glími við hann.

„Ástæðan er sú að allar þjóðir eru að eldast.“ Lungnatrefjun megi líkja við að fá ör á húðina svo bandvefur myndast. „Sjúklingurinn fær ör á lungun og situr uppi með þau. Það gengur ekki til baka og með tímanum heldur lungnastarfsemin áfram að versna.“ Lungnatrefjun geti leitt til öndunarbilunar.

Gunnar segir þróunina kringum þekkingu á sjúkdómnum hafa verið hraða síðustu 5-10 ár. Þá hafi athyglisverð þekking myndast við COVID-19. „Nýr bandvefur myndaðist eftir COVID en það er svo stutt liðið frá faraldrinum að erfitt er að

Báru saman stöðu sænskra og íslenskra lækna

Einn af hverjum 5 sænskum læknum hugsar um að yfirgefa stéttina. „Ekki aðeins vinnustaðinn heldur starfsgreinina,“ leggur Ove Rang, forstöðumaður vinnu, lífs og lögfræðideildar sænska læknafélagsins, áherslu á. Hann heimsótti Læknafélagið í október ásamt Söru Altino, umboðsmanni hjá sænska læknafélaginu og forsvarsmanni verkefnisins *Framtíð kjarasamninga*

■ ■ ■ Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

Ove Rang vitnar til rannsóknar sem sænska félagið gaf nýverið út þegar hann nefnir flóttahugleiðingar fimmtungu lækna úr stéttinni. Svarhlutfallið var 40%. Læknar hafi kosið starfið til að hjálpa öðrum. „Svo upplifa þeir sig á framleiðslufæribaldi,“ segir hann og það hljómar kunnuglega.

„Þessir læknar telja sig einfaldlega ekki hafa tíma til að gera það sem þeir þurfa í starfi sínu,“ segir hann. „Staðan er skelfileg,“ segir Rang í heimskón sinni. Þau Altino áttu fundi með leiðtogum íslenskra lækna. Þeirra á meðal voru Þórdís Þorkelsdóttir, formaður Félags almennra lækna, Ragnar Freyr Ingvarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, Theódór Skúli Sigurðsson,

formaður Félags sjúkrahúslækna og Oddur Steinarsson, varaformaður LÍ. Einnig hittu þau Dögg Pálsdóttur framkvæmdastjóra og Steinunni Þórðardóttur formann Læknafélags Íslands. Altino er nú á leið til annarra Norðurlanda til að safna gögnum.

„Við vissum ekki hvernig íslenska heilbrigðiskerfið virkaði miðað við það sænska,“ sagði Rang, og að þau hafi sérstaklega einblínt á jafnvægi vinnu og einkalífs. „Við vildum vita hverjar áherslurnar væru hér,“ segir hann og hún bætir við: „Já, og hverjar áskoranirnar eru og við fundum því miður að við eigum margt sameiginlegt. Báðir hóparnir upplifa mikla vinnubyrði. Það er leitt að heyra. Læknar fá ekki áunnin

frí heldur kýs vinnuveitandinn almennt frekar að greiða upp tímann svo læknarnir vinna og vinna án hvíldar“ segir hún.

„Við heyrðum líka að hér eins og í Svíþjóð séu nú að verða kynslóðaskipti. Ungir læknar meta frítímann sinn meira,“ segir hún. „Þeir líta ekki á það sem köllun sína að vera læknir og að starfsheitið skilgreini þá á sama máta og eldri kynslóðir lækna, heldur að þetta sé starfið þeirra,“ lýsir hún, og þeir vilji ekki að klára sig fyrir köllunina. En bregðast sjúkrastofnanir við þessu kalli ungu kynslóðarinnar?

„Ég tel ekki að það gerist án mótstöðu,“ segir Altino. „En þetta er kynslóð sem krefst frítíma, jafnvægis og að á þau sé hlustað og að vinnuveitandinn



Ove Rang og Sara Altino frá sænska læknafélaginu hittu íslenska kollega og ræddu jafnvægi vinnu og einkalífs og áhrifin á kjörin. Mynál/gag

bregðist við. Ég býst ekki við að þessar breytingar verði hnökralausar, en tel að þær séu nauðsynlegar.“



Alls voru 320 gestir á ráðstefnunni sem haldin var í Hörpu og miklar umræður sköpuðust eftir hvorn fyrirlestur. Myndir/Gunnar

leggja mat á þekkinguna. Við höfum ekki alltaf vitað hvað kemur bandvefsmýndun af stað en þarna gátum við fylgst með því,“ segir hann. „Við gátum nánast horft á hann myndast. Allt hefur þetta stuðlað að meiri upplýsingum.“

Gunnar segir ráðstefnu sem þessa hér heima hafa mikla þýðingu fyrir lækna hér á landi. „Við sem stundum mikla alþjóðlega samvinnu við rannsóknir náum að efla tengslin frekar auk þess sem við getum fylgst með því nýjasta,“ segir hann.

Twitter fyrir umræðuna



„Það sem er gaman í dag og breytt á ráðstefnum er að Twitter leiðir umræðuna. Margt fólk tekur myndir um leið og fyrirlesturinn er haldinn. Skrifar smá texta og tístir. Ef læknar vilja nýjustu fréttir af rannsóknum lesa þeir gjarnan það sem fólk setur inn tengt ráðstefnum á Twitter,“ segir Gunnar Guðmundsson og bendir á #iclaf2022 fyrir lungnaráðstefnuna í Hörpu.

„Við sáum að #iclaf2022 var ofarlega á listum yfir mest lesnu þræðina á Twitter einn daginn,“ segir hann og að ekki aðeins hafi 320 sótt ráðstefnuna í raunheimum heldur hafi 100 manns alls staðar að fylgst með á streymi.